

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um minnisblöð sóttvarnalæknis og ákvarðanir ráðherra.

Frá Bergþóri Ólasyni.

1. Hversu mörgum minnisblöðum hefur embætti sóttvarnalæknis skilað til ráðherra frá upphafi COVID-19-faraldursins? Óskað er eftir útlistun allra minnisblaðanna.
2. Í hvaða tilvikum var farið að hverri framkominni tillögu sóttvarnalæknis og hvenær ekki eða að hluta? Óskað er nákvæmrar greiningar á þessum atriðum.
3. Með hvaða hætti uppfyllti ráðherra rannsóknarskyldu sína við hverja ákvörðun sína um sóttvarnaaðgerðir?

Skriflegt svar óskast.